

# Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.  
Íslensk þýðing: Sigrún Einarsdóttir - [www.torah.is](http://www.torah.is)  
Birt með leyfi höfundar - [www.m7000.com](http://www.m7000.com)

**12. þáttur af 18**

„Lögmál“ = trúarlögmál manns

Esekiel 20.23-25 ...Þó sór ég þeim í eyðimörkinni, að ég skyldi tvístra þeim meðal þjóðanna og dreifa þeim út um löndin, af því að þeir héldu ekki lög mín og höfnuðu boðorðum mínum og vanhélguðu hvíldardaga mína og höfðu ekki augun af skurðgoðum feðra sinna. Ég gaf þeim þá og boðorð, sem ekki voru holl, og lög, er þeim eigi voru til lífs lagin...

**Galatabréfið 4.1-3** Með öðrum orðum: Alla þá stund, sem erfinginn er ófullveðja, er enginn munur á honum og þræli, þótt hann eigi allt. Hann er undir fjárhaldsmönnum og ráðsmönnum til þess tíma, er faðirinn hefur ákveðið. Þannig vorum vér einnig, er vér vorum ófullveðja, þrælbundnir undir heimsvættirnar.

### Skjámynd:

**Galatabréfið 3.23** Áður en trúin kom, vorum vér í gæslu lögmálsins innilokaðir, þangað til trúin, sem í vændum var, opinberaðist.

**Jesaja 56.1-2** Svo segir YHWH: Varðveitið réttinn og gjörið það, sem rétt er, því að hjálpræði mitt er í nánd og réttlæti mitt birtist bráðlega. Sæll er sá maður, sem gjörir þetta, og það mansbarn, sem heldur fast við það, sá sem gætir þess að vanhelga ekki hvíldardaginn og varðveitir hönd sína frá því að gjöra nokkuð illt.

## Trú alls Ísraels:

- 1) Varðveita traust til YHWH af heilu hjarta
- 2) Halda ritningarlegar leiðbeiningar hans

### Skjámynd:

**Galatabréfið 3.24** Þannig hefur þetta lögmál orðið tyft 🙄 ari vor, þangað til Messías kom, til þess að vér réttlættumst af trú.



Treysta á YHWH en ekki á menn

Gríska: „Pedagogue“

Grísk-ensk orðabók Nýja testamentisins: Fylgdarmaður (þræll), gæslumaður, leiðsögumaður, bókstaflega: maður sem fylgir dreng eða ungmenni til og úr skóla og hefur yfirumsjón með hegðun hans; hann var ekki „kennari“ (þrátt fyrir merkingu þess í dag sem kennara.) (cf. Murray, New (Oxford) Engl. Dict.)

Fylgdarmaður... EKKI Ritningin eða lögmál Móse

Þarna er því um að ræða innilokun undir manngerðum trúarlögum

Sálmur 94.12 Sæll er sá maður, er þú agar, YHWH, og fræðir í lögmáli þínu... Heb: „Torah.“


Esekíel 20.25 ...Ég gaf þeim þá og boðorð, sem ekki voru holl, og lög, er þeim eigi voru til lífs lagin...

5. Mós. 28.43 Útlendingurinn, sem hjá þér er, mun stíga hærra og hærra upp yfir þig, en þú færast lengra og lengra niður á við.

### Skjámynd:

Manngerð trúarlög

**Galatabréfið 3.24** → Þannig hefur þetta lögmál orðið tyftari vor, þangað til Messías kom, til þess að vér réttlættumst af trú.



Jeremía 7.23 ...En þetta hefi ég boðið þeim: Hlýðið minni raustu, þá skal ég vera yðar Elóhím og þér skuluð vera mín þjóð, og gangið jafnan á þeim vegi, sem ég býð yður, til þess að yður vegni vel.

5. Mós. 28.65-67 (En ef þú heldur ekki Ritaða lögmálið) ...meðal þessara þjóða munt þú eigi mega búa í næði, og hvergi mun hvíldarstaður vera á fæti þínum, heldur mun YHWH gefa þér þar skjálfandi hjarta, þrotandi augu og ráðþota sál. Líf þitt mun leika fyrir þér sem á þræði, og þú munt hræddur vera nótt og dag og aldrei vera ugglaus um líf þitt. Á morgnana muntu segja: Ó, að það væri komið kveld! og á kveldin muntu segja: Ó, að það væri kominn morgunn!

### Skjámynd:

**Galatabréfið 3.25**

En nú, eftir að trúin er komin, erum vér ekki lengur undir tyfturum. →

Traust á YHWH og ritað lögmál hans

Skilorðsfulltrúum farísea/rabbína

Matteus 16.11-12 ...Varist súrdeig farísea og saddúkea. Þá skildu þeir, að hann hafði ekki talað um að varast súrdeig í brauði, heldur kenningu farísea og saddúkea.

### Skjámynd:

## Samantekt á kaflanum:

Þeir sem vísað er til sem „Galatamanna“ stóðust ekki samanburð við réttlæti í Torah með því að beygja sig undir rabbínskt vald í Jerúsalem og Halacha

Andi Messíasar er gefinn öllum sem hlýða Torah og er því í beinni mótstöðu við öll „lögmarksverk“ farísea

„Bölvun lögmálsins“ er skilgreind út frá 5. Mósebók 27.26

„Tyftarinn“ í Galatabréfinu 3.24 er myndlíking sem lýsir mannasetningum en EKKI hinum eilífa lögmálssáttmála Móse

## Framhald í næsta þætti...

### Taktu frá þrjú kvöld í júní 2010 (14. 15. og 16. júní)



Avi ben Mordechai kemur til Íslands í júní 2010  
og verður með nokkra spennandi fyrirlestra.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þetta einstaka tækifæri  
til að hlusta á stórkostlega fræðslu um hebreskar rætur trúarinnar,  
eða tryggja þér sæti á fyrirlestrunum  
hafðu þá samband við Sigrúnu í síma 824 8848  
eða með því að senda tölvupóst á [torah@internet.is](mailto:torah@internet.is)